

Alþingi  
Erindi nr. P 127/200  
komudagur 13.3.2002



IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9070 bréfasími: 562 1289  
netfang: postur@ivr.stjr.is  
veffang: <http://www.stjr.is/ivr>

Reykjavík, 11. mars 2002  
Tilvísun : IVR02020131/10.201/GOG

Við er til bréfs yðar, dags. 27. febrúar 2002, þar sem óskað er eftir umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis á frumvarpi til laga um verndun hafs og stranda. Ráðuneytið vill benda á eftirfarandi atriði:

1. Í 6. gr. 1. mgr. stendur:

"Ráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, og eftir því sem við á í samráði við dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra, í reglugerðir almenn ákvæði um:...."

Hér væri ekki óeðlilegt að iðnaðar- og viðskiptaráðherra væri nefndur í þessar upptalningu þar sem sumar af þeim reglugerðum sem settar verða í þessu sambandi munu snerta iðnaðinn í landinu.

2. Í 18. gr. er fjallað um viðbragðsáætlanir sem fyrirtækjum samkvæmt fylgiskjali I er ætlað að semja vegna hugsanlegrar bráðamengunar m.t.t. mengunar hafs og stranda. Ráðuneytið telur eðlilegast að þessar áætlanir fylgi starfsleyfum fyrirtækjanna og að í því sambandi meti Hollustuvernd ríkisins umfang slíkra áætlana í samráði við fyrirtækin. Ljóst er að slíkar áætlanir eru mjög ólíkar að umfangi eftir starfsemi hvers fyrirtækis fyrir sig.

F.h.r.